

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 14. janúar 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Ólafur Elísson, Íris Róbertsdóttir, Sveinn Magnússon, Ólafur Týr Guðjónsson, Hjalti Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Skólameistari setti þennan fyrsta fund nýskipaðrar skólanefndar og stjórnaði kosningu formanns. Elliði Vignisson var einróma kjörinn formaður og tók við fundarstjórn.

1. Skólastarfið:

Kennslu haustannar lauk 4. desember og við tóku próf. Annarslit og útskrift voru laugardaginn 20. desember. Útskrifaðir stúdentar voru 15 og sjúkraliðar voru 10. Einn sjúkraliði lauk einnig stúdentsprófi, þannig að útskrifaðir einstaklingar voru 24. Skráðir nemendur á haustönn urðu mest 347, en til prófs gengu 318 nemendur. Vorönn hófst 5. janúar og er óvenju mikil aðsókn í skólann. Nýr námsráðgjafi hóf störf um áramót, Sólrún Bergþórsdóttir. Margo Renner fráfarandi námsráðgjafi fór í ársleyfi, en annars eru ekki breytingar á starfslíði, nema að nokkrir stundakennarar hætta og aðrir koma í staðinn. Talnaefni um vorönn var lagt fram, þar sem fram kemur að nemendur í upphafi annar eru 296 í samtals 4177 einingum, félagsfræðibraut er fjölmennust og grunnskólanemar í námi hjá okkur eru 28 talsins. Fundarmenn ræddu ýmislegt varðandi skólastarfið, meðal annars samsetningu nemendahópsins og hugsanleg sóknarfæri meðal iðnaðarmanna og á sviði skipstjórnar og vélstjórnar, þar sem virðist vera eitthvað af mönnum sem ekki komust inn í skólana á höfuðborgarsvæðinu. Við erum sumsstaðar með litla hópa sem hægt væri að stækka án aukins tilkostnaðar. Einnig var töluvert rætt um hugsanlega íþróttakademíu.

2. Fjarvistir kennara á haustönn:

Lagt var fram yfirlit um veikindi, leyfi og aðrar frátafir frá kennslu á haustönn 2009. Veikindi kennara og fjarvistir vegna veikra barna eru svipaðar og undanfarin haust. Leyfi vegna náms eru heldur fleiri því fleiri kennarar, en áður, stunda einhverskonar háskólanám með vinnu. Munar mestu um vettvangsnám tungumálakennara sem nú stendur yfir.

3. Fjárhagsleg staða:

Ekki er enn ljóst hver verður fjárhagsleg niðurstaða fyrir árið 2008, þar sem ekki liggur fyrir hvað við fáum greitt fyrir marga ársnemendur umfram það sem fjárlög gerðu ráð fyrir (221). Launakostnaður varð 165 milljónir, en fjárveiting til launa verður líklega 153 millj. fyrir utan nemendauppgjorið. Áætlaður rekstrarkostnaður, annar en laun var áætlaður 38 milljónir, en verður 40 milljónir. Hallinn er því um 14 milljónir, fyrir nemendauppgjör. Í fjárlögum fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að reksturinn kosti 178,8 milljónir, sem augljóslega er of lágt miðað við að rekstrarkostnaður ársins 2008 er 205 milljónir. Gæta þarf aðhalds á árinu 2009, þar sem ekki eru neinar tryggingar fyrir greiðslu fyrir umframmemendur í ár, að sögn menntamálaráðuneytisins.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fleira ekki gert.
Ólafur H. Sigurjónsson